

## Hugmyndir um stærðfræðikennslu í tengslum við Göngum í skólann

### Stærðfræðislóð

Hægt er að skipuleggja göngu í nánasta umhverfi skólans. Biðjið börnin að taka vel eftir öllu sem tengist stærðfræði á leiðinni eins og ökutækjaskráningum, leiðanúmerum á vegvísunum, númerum á húsum, ljósastaurum, brunahönum, númerum á auglýsingum, opunar- og lokunartíma í búðum, aðgangseyri á hina ýmsu viðburði o.s.frv.

Hafið í huga að leyfa börnunum að taka myndir eða upptökur á leiðinni.

Hægt er að útbúa sýningu fyrir foreldra og aðra að göngu lokinni.

### Númer

- Útbúa gröf yfir uppáhalds/versta skóbúnaðinn.
- Framkvæma umferðarkönnun: bera saman niðurstöður á mismunandi tímum yfir daginn og á mismunandi stöðum.
- Finna út númer á húsum þar sem númerin eru ekki skrifuð á húsin.
- Klippa skóbúnað út úr tímaritum og búa til sett af þeim þar sem fjöldinn er annað hvort slétt tala eða oddatala.
- Reikna út hvað það kostar fyrir börnin að fara í skólann á mismunandi ferðamáta.

### Form og munstur

Hvað geta börnin séð mörg form og munstur á leiðinni í skólann? Horfið á múrsteina, umferðarmerki, gagnstéttar, húspök, strompa o.s.frv. Hvaða form eru samhverf?

Hægt er að láta börnin teikna það sem þau sáu á leiðinni í skólann. Látið þau vera tvö og tvö saman að teikna og látið þau skiptast á að endurteikna eftir hvort annað eða teikna helminginn og láta svo hinn klára.

Búa til munstur úr blöðum – t.d. línu af litlu fólki sem helst í hendur til að sýna það hversu mikilvægt það er fyrir börn að haldast í hendur þegar gengið er. Gerið tilraunir með skófatnað.

### Mælingar

Biðja börnin að áætla lengdina sem þau ganga í skólann í t.d. mínútum og metrum. Bera svo saman t.d. stystu og lengstu vegalengdina. Eldri nemendur geta framkvæmt hraða og lengdarmælingar – áætla, mæla og reikna. (Þetta er gott tækifæri til þess að ræða áhrifin sem mismunandi veðurfar hefur á stöðvunarvegalengd).